

## Frændgarðurinn

Tónleikar Grettisgötu - Frændgarðurinn samanstendur af systkinabörnum sem öll eru tónlistarfólk og meðlimir í mismunandi hljómsveitum. Þau ætla koma saman og spila eigin tónlist og annarra í bakgarðinum við Grettisgötu 6a kl 15. Ef rignir verða tónleikarnir færðir inn í hús.

## Brynjuportið

Síðastliðið sumar, ákváðum við hjá Kormáki & Skildi að glæða Brynjuportið á Laugavegi 29. Í ljósi árangurs verkefnisins höfum við ákveðið að endurtaka leikinn á Menningarnótt 2026 og byggja ofan á þá reynslu sem þegar hefur skapast. Nú þegar hefur fengist staðfest að rapparinn Birnir og tónlistarkonan Tatjana muni koma fram í Brynjuportinu á Menningarnótt.

## Kemuri x Cosmic Codex: Northern Frequencies

Á Menningarnótt í Reykjavík 2026 muni Kemuri eiga samstarf við listakollektífið Cosmic Codex um að standa fyrir kvöldstund helgaðri hljóð- og myndlist, þar sem pólskir og íslenskir listamenn koma fram með verk á sviði ambient-, tilrauna- og raftónlistar.

## Herma og vinir

Markmið okkar með Herma & Friends er að sameina mismunandi tegund listar í skemmtilega og fjölbætta heildarupplifun á þessum menningardeggi. Í ár bjóðum við ungum fatahönnuðum að sýna vinnu sína hjá okkur á íslenskum hönnunar markaði inni í sýningarsal Hermu. Samhliða markaðnum verðum við með tónleika í portinu á bak við Hverfisgötu 4, þar sem ýmsir tónlistarmenn stíga á svið og halda uppi stemningunni.

## Austanátt á Menningarnótt

Austanátt er splunkuný hljómsveit sem spilar fönk, tangó, diskó, čoček og allt þar á milli en helst dans- og partyvæna tónlist. Hljómsveitin er skipuð 7 blásurum og einum trommara, hljómsveitin sækir mikinn innblástur á austanverðum hnettinum. Á Menningarnótt spilar Austanátt tónleika úti á túni við Bókhöðustíg.

## **Djasskrakkar spinna sig til Japan**

Djasskrakkar eru mosfellsk djasshljómsveit skipuð krökkum á aldrinum 11-16 ára, sem spila djass eftir eyranu og spinnur. Þrátt fyrir ungan aldur hljóðfæraleikaranna hefur sveitin verið starfrækt í meira en 3 ár. Djasskrakkar hafa fengið boð á Japanska barnadjasstónlistarhátíð í Kagoshima sumarið 2027.

## **Sweeney Todd Pop-up kórtónleikar**

Á Rakarastofunni Klapparstíg verður boðið upp á Sweeney Todd Pop-up kórtónleika. Við færum okkur meira en hundrað ár aftur í tímann og alla leið til Lundúna, þar sem rakarinn illi sker viðskiptavini sína á háls og breytir þeim í bökur. Söngleikurinn Sweeney Todd er eitt frægasta verk Stephen Sondheims, enda margslungið og kraftmikið.

## **Hekla og mæðraveldið á Menningarnótt**

Hekla Maggý er tólf ára trommari sem hefur æft slagverk síðan hún var fimm ára, spilar með Skólahljómsveit Kópavogs og tekur þátt í samspili í Tónsölum. Hana vantaði hins vegar reynslu af því að spila með hljómsveit, þar sem þú þarf að sleppa tókunum af nótunum og finna grúvið — og mamma hennar tók sig hreinlega til og hóaði saman nokkrum mæðrum á fertugsaldrinum og stofnaði hljómsveit utan um táníngstrommarann.

## **Tónleikabrölt Bartóna**

Bartónar munu syngja á Óðinstorgi klukkan 20:00, í Hjartagarðinum klukkan 20:30 og ljúka síðan kvöldinu á lögheimili kórsins, Kaffibarnum við Bergstaðastræti 1. Á hverjum stað verður flutt kraftmikið, þjóðlegt og glæsilegt prógram með íslenskum ættjarðarlögum, drykkjuvísum, mansöngvum og öðrum lögum sem henta andrúmslofti Menningarnætur.

## **Lúðrasveitabattl**

Síðustu ár hafa lúðrasveitirnar, sem starfa innan Reykjavíkur, mæst í "slag" á Menningarnótt þar sem barist er um hinn víðfræga monthlemm. Fyrsti "slagurinn" var 2018 í Hljómskálagarðinum og verið árviss viðburður á Menningarnótt fyrir utan pásu vegna samkomubanns. Síðustu ár hefur battlið farið fram á torginu fyrir utan Hörpu eða í nágrenni þess. Þessi viðburður er ávallt vel sóttur og myndast ofboðslega skemmtileg stemning. Það er eiginlega ekkert betra en skemmtileg lúðrasveitatónlist, alveg hlutlaust mat.

## **KramKarnival**

Kramber blæs til allsherjar dans- og tónlistarveislu á Menningarnótt.

Við erum að þróa Kranivalið áfram og sameina nærsamfélagið okkar í enn þéttara og skemmtilegra prógram. Götunni verður umbreytt í menningar-suðupott yfir daginn þar sem listrænar upplifanir, pop-up markaðir og rjúkandi grillmatur mæta opnu dansgólfi og lifandi dans- og söngatriðum.

## **Block Party á Hjartartorgi**

Block Party Hjartartorg er lifandi urban menningarviðburður á Hjartartorgi þar sem hjarta Reykjavíkur slær í takt við nýja íslenska tónlistarsenu. Viðburðurinn sameinar tónleika með efnilegum up-and-coming tónlistarmönnum úr hip hop, R&B, indie og poppsenunni, DJ-sett, barber-upplifun frá 101 Studio og pop-up bás með hönnun og street culture stemningu.

## **Ingólfsfest**

Ingólfsfest er viðburður sem sameinar líflega skemmtun, tónlist og glæsilega umgjörð staða sem hafa verið rótgrónir í miðbæ Reykjavíkur seinustu árin og höfða til breiðs hóps gesta. Tónlist, fatamarkaður og stuð í Ingólfsstræti.

## **DEILDIN**

DEILDIN er tuttugu mínútna fótbolta-dansverk fyrir alla fjölskylduna. Dansinn er unninn út frá hreyfingum fótboltaleiks. Rennitæklingar, stökk markmanna, fótavinna, fögn, átök í vítateig og margt fleira er notað sem grunnlag kóreógrafiunnar. Einnig er unnið með leikjaplan þjálfarans þar sem dansararnir þurfa að koma sér í ákveðin “formations” líkt og 4-3-3.

## **Traces of us**

Traces of us kannar hvernig líf okkar snerta hvert annað og þau spor sem við skiljum eftir í lífi annarra. Verkið er dans- og loftfímleikasýning, um það bil klukkustund að lengd, sem fer fram á ferð um miðborgina og nemur staðar á þremur til fjórum stöðum. Um er að ræða staðbundna sýningu þar sem byggingarlist og landslag eru nýtt sem hluti af frásögninni — sögu um það hvernig fjarlæg líf geta skarast á óvæntum stað eins og Íslandi.

## ***K-pop Random Dance***

Söfnumst saman og dönsum við K-pop tónlist.

## **Dans Afríka Ísland**

Trommarar og dansarar frá Dans Afríka verða með 20 mínútna pop up sýningar á þremur mismunandi stöðum. Orkumiklir trommarar og dansarar skapa einstaka ósvikna afríska stemmningu og fá öll með í dillandi dans.

Sýningin mun laða áhorfendur að með lifandi trumbuslætti og dansi þar sem fólk á öllum aldri getur tekið þátt í að læra nokkur dansspor eftir sýninguna.

## **Magadans á Íslandi**

Magadans á Íslandi státar af Írisi og Magneu sem hafa dansað saman í fjöldamörg ár og komið meðal annars fram á 17. júní, Menningarnótt, viðburðum í Hörpu, á þorrablótum, starfsmannaskemmtunum o.fl. Við lofum mjúkum mjöðmum, glitrandi búningum og breiðum brosum en atriðið er létt og skemmtilegt og hentar öllum aldurshópum.

## Magadans Raqs Borealis

Danshópurinn Raqs Borealis (dansinn úr norðri), sem æfir í Kramhúsinu, listrænn stjórnandi er Rósalind Hansen, sem hefur kennt Magadans í 23 ár. Ætlunin er að sýna skemmtilegan daðurdans sem á rætur sýnar að rekja til Alexandríu í Egyptalandi. En dansinn er blanda að egypskum þjóðdans og magadans, þar sem dansað er með stórum svörtum slæðum skreyttum pallíettum.

## Dansað um heiminn

"Dans um heiminn" er fjölmenningsleg sýning og dansupplifun sem er sköpuð af Bollywood Iceland fyrir Menningarnótt 2026. Í gegnum dans, tónlist, leiki, frásagnir, búninga og þátttöku áhorfenda fögnum við menningu frá öllum heimshornum á skemmtilegan, aðgengilegan og fjölskylduvænan hátt.

## Kveðið úr kirkjuturni

Kveðið úr kirkjuturni er hljóðgjörningur þar sem upptökur af íslenskum rímnakveðskap verða leiknar úr hátölurum í turni Hallgrímskirkju og hljóma yfir miðborg Reykjavíkur. Verkið sækir innblástur til hljóðgjörnings sem Örlygur Kristfinnsson stóð fyrir á Þjóðlagahátíð á Siglufirði fyrir mörgum árum og leitast við að færa þá hugmynd í nýtt samhengi í hjarta höfuðborgarinnar.

## Spunamaráðon Improv Ísland

Spunamaráðon Improv Ísland hefur verið einn mest sótti viðburður Menningarnætur undanfarin 10 ár og er viðburðurinn búinn að sanna sig sem hluti af grunnstoðum Menningarnætur dagskrárinnar. Í ár, á 10 ára afmælisári, tjöldum við öllu til sem endranær og munu okkar ástsælustu spunaleikarar stíga ítrekað á stökk í fjölbreyttum spunaformum og blússandi sköpunargleði ásamt frábærum leynigestum sem kíkja í heimsókn.

## **Sumarafleysing MÚKK**

Ljóðakollektívan MÚKK heldur ljóðaviðburð á bryggjunni við Sjóminjasafnið í Reykjavík. Viðburðurinn er lokahnykkur í ljóðaviðburðaseríunni Sumarafleysing MÚKK, sem samanstendur af ljóðaviðburðum víðsvegar um Reykjavík á tímabilinu 23.júlí-22.ágúst.

## **Shjówmenn**

Í nýsirkussýningunni Shjówmenn kynnumst við tveimur trúðum sem takast á við efnisheim og menningararf sjómenskunnar með sprúðlandi leikgleði sirkuslistanna. Sýningin hentar áhorfendum á breiðum aldri og notast takmarkað við talað mál.

## **Menningarbikarinn í bekkpressu**

Menningarbikarinn í bekkpressu fer nú fram í þriðja skiptið og verður haldinn á Kjarvalsstöðum í samstarfi við Listasafn Reykjavíkur. Keppt verður í bekkpressu meðal skráðra keppenda en einning verður gestum og gangandi gefinn kostur á að spreyta sig. Plötusnúður verður á staðnum, raphljómsveitin Úlfur úlfur spilar þá verður pulsugrill og hoppukastalar fyrir börnin eins og undanfarin ár.

## **Menningarnæturkviss Kvisslarans!**

Kvisslarinn stendur fyrir lifandi, gjaldfrjálsu og skemmtilegu útikvissi fyrir alla á Menningarnótt 2026!

Markmiðið er að koma fólki saman í skemmtilega og frumlega spurningakeppni, hvort sem það eru fjölskyldur, vinahópar eða bara þeir sem labba fram hjá!

## **Töfrabrögð í nálægð**

Við sýnum töfrabrögð í nálægð í Hannesarholti. Gengið verður um húsið og töfrabrögð sýnd. Við verðum einnig utandyra ef veður leyfir. Áhersla verður lögð á að kenna töfrabrögð sem ungir töframenn geta spreytt sig á þegar heim er komið.

## **Fljúgandi Reykjavík / AcroYoga fyrir alla**

Fljúgandi Reykjavík er lifandi AcroYoga-sýning, hreyfilist og fjölskylduvæn þátttökusmiðja í Hljómskálagarðinum á Menningarnótt. Vanir leiðbeinendur sýna fallegar lyftur, jafnvægisstöður og flæði sem sameina sirkus-yoga, leik, traust og samvinnu. Gestum og gangandi býðst jafnframt að prófa einfaldar og öruggar byrjendaæfingar undir leiðsögn.

## **Rewear Reykjavík**

Rewear Reykjavík er viðburður á Menningarnótt með áherslu á sjálfbærni, endurnýtingu textíls, skapandi tjáningu og meðvitaða neyslu. Gestir geta skoðað og keypt hagkvæman notaðan fatnað, tekið þátt í ókeypis fataviðgerðum og endurhönnun, og fræðst um leiðir til að draga úr textíl úrgangi.

## **hafnar.haus @ Hafnarhús**

Viðburðurinn er haldinn af hafnar.haus í samstarfi við Listasafn Reykjavíkur og leiðir saman listafólk, tónlistarfólk, kvikmyndagerðarfólk og skapandi aðila úr samfélagi hafnar.haus. Boðið verður upp á vinnustofur, lifandi tónlistarflutningi, sýningar, kvikmyndasýningar og fjölskylduvæna viðburði. Hátíðin varpar ljósi á fjölbreyttan sköpunarkraft sem býr innan hafnar.haus og skapar um leið opið og hlýlegt rými þar sem almenningur getur upplifað, tekið þátt í og fagnað skapandi menningu Reykjavíkur.

## **Hits and tits Karóki**

Margrét Erla Maack og Ragnheiður Maísól Sturludóttir, stóðu um árabíl fyrir eftirminnilegum karaoke-um eða syngjóum og voru frumkvöðlar í tjúttkaraoke á skemmtistaðnum Harlem. Í dag eru margir staðir í Reykjavík sem hafa siglt í kjölfarið á þessu frumkvöðlastarfi. Nú er komið að því að endurvekja Hits & Tits. Í ár munu umsjónarkonur Hits & Tits karaokee vera Margrét Erla Maack og Vigdís Perla Maack.